

LEIKSKÓLINN TJARNARLAND
ÞRÓUNARVERKEFNI – LOKASKÝRSLA

„Á VEGAMÓTUM“

MENNING OG SAMFÉLAG Í SKÓLASTARFI TJARNARLANDS

Sept. 2008 - des. 2010



Anna Bryndís Skúladóttir
verkefnastjóri

Nokkur orð til Sprotasjóðs

Skýrsla þessi er unnin samkvæmt þeim ramma sem Sprotasjóður setur upp, en er þó nokkuð ýtarlegri en gert er ráð fyrir. Með því móti getur verkefnastjóri nýtt skýrsluna mun betur í kynningarstarf í kjölfar þróunarverkefnisins. Vona ég að það komi stjórn Sprotasjóðs ekki illa. Skýrslan er ríkulega skreytt myndum frá þróunarstarfinu til að gefa lesendum betri innsýn í verkefnið og auk þess er auka myndasíður aftast.

Ég vil fyrir hönd starfsfólks leikskólans Tjarnarlands þakka stjórn Sprotasjóðs fyrir ómetanlega aðstoð með fjárstyrk sínum sem gerði okkur kleift að ljúka þróunarverkefninu á formlegan hátt. Ef ekki hefði komið til aðstoðar Sprotasjóðs hefði verkefnið að öllum líkindum flosnað upp fyrri hluta árs 2010.

Með kærri þökk.

Verkefnastjóri.

Nafn skóla: Leikskólinn Tjarnarland Egilsstöðum

Nafn verkefnis: „Á vegamótum“ – Menning og samfélag í skólastarfi Tjarnarlands

Nafn verkefnisstjóra: Anna Bryndís Skúladóttir

Markmið verkefnis:

1. Að styrkja sjálfsmynd nemenda
2. Að efla virðingu nemenda fyrir sjálfum sér og öðrum
3. Að þróa og bæta starfshætti í leikskólastarfinu og festa þá í sessi
4. Að efla samskipti nemenda við samfélagið
5. Að efla þekkingu nemenda á heimabyggðinni
6. Að opna augu nemenda fyrir sérkennum svæðisins
7. Að efla stolt og virðingu nemenda fyrir heimabyggðinni



Skjaldarmerki Fljótsdalshéraðs unnið af nemendum.

Eins og hér má sjá er lögð áhersla á að þróa fjölbreyttar og lifandi leiðir í skólastarfi með 5 ára nemendum og að nýta þau félagslegu og menningarlegu tækifæri sem felast í umhverfinu. Lögð er áhersla á að styrkja umhverfis, samfélags- og söguvitund nemenda og efla orða- og hugtakanotkun þeirra í gegn um fjölbreytilegt samstarf við ýmsa aðila í samfélaginu. Í bakgrunni þessa verkefnis liggja fyrst og fremst uppeldis- og kennslufræðileg sjónarmið en einnig félagsleg, þar sem nemendur kynnast, tengjast og öðlast öryggi í því umhverfi sem þeir alast upp í.



Í vettvangsferð við Lagarfljótið í desember 2009. Snæfellið speglast fallega í Fljótinu í morgunskímunni. Síðan var gengið á Egilsstaðakoll (t.v. á myndinni).

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðum

Í þróunaráætlun sem gerð var í upphafi verkefnisins voru tilgreindar leiðir að markmiðum. Á stjórnenda-, starfsmanna- og deildarfundum í lok hvorrar annar, var þróunarstarfið síðan metið og í kjölfar þess þróuðust nýjar leiðir á meðan aðrar festust í sessi. Til að allir starfsmenn ættu sem mesta hlutdeild í þróunarverkefninu var lögð áhersla á að virkja starfsmannahópinn sem mest. Hér á eftir eru kynntar þær leiðir sem farnar voru til að ná markmiðunum.



Hér hafa nemendur unnið verkefni um Snæfell og blanda sögu, náttúru og menningu þar inn í. Þeir líma klippimyndir inn á kortið og semja sögu um myndina. Sagan fjallar um einn af frumbyggjum Egilsstaða, Steinþór listmálara, sem giftir sig upp á Snæfelli. Ugly var presturinn og refir og hreindýr voru gestir. Síðan fór að gjósa og dýrin flýðu niður af fjallinu. Brúðhjónin fengu að sitja á baki hreindýrsins niður af Snæfelli og björguðust þannig.

Leiðir sem farnar voru til að ná markmiðum 1, 2 og 3

Starfsemi Tjarnarlands tekur mið af hugmyndafræði Reggio Emilia, sem kennd er við ítalska kennarann og uppeldisfræðinginn Loris Malaguzzi.

Einkunnarorð Tjarnarlands eru sótt til Malaguzzi, „*Börn eru gullnáma – látum gullið glóa*“. Í þessum orðum felst það viðhorf að starfsfólk

Tjarnarlands hefur trú á að mikið búi í börnunum og að það sé hlutverk

hinna fullorðnu að búa börnunum fjölbreytilegt og skapandi umhverfi til að þau geti blómstrað. Virk hlustun og virðing er lykilatriði í starfi með nemendum, þar sem kennarinn virðir skoðanir og hugmyndir þeirra í daglegu starfi. Nemendum er treyst til að gegna ýmsum hlutverkum í daglegu starfi og er stuðlað að því að nemendur geti haft áhrif á framgang verkefna með hugmyndum sínum.



Litið er á kennarann sem skapandi afl sem notar sjálfan sig sem kveikju sem hrífur nemendur með sér og nýtir hæfileika sína til að auðga skólustarfið. Hann fylgist með leik og umræðu, fer sjálfur inn í leikinn til að styðja við einstaklinga, leiðbeina, hugga og hvetja og hefur á valdi sínu fjölbreyttar leiðir til að mæta ólíkum þörfum nemenda.

Við teljum að starfshættir þeir sem kennarar Tjarnarlands hefur tamið sér að nota í starfi og tengjast að mestu leyti hugmyndafræði Reggio Emilia, hafi styrkt mjög sjálfsmynd nemenda á þeim tíma sem þróunarstarfið hefur staðið yfir.

Til að efla virðingu nemenda fyrir sjálfum sér og öðrum var m.a. farin sú leið að nota bangsa sem fór í helgarheimsóknir með nemendum. Verkefnið fólst í því að nemendur áttu að sýna bangsanum virðingu á meðan á dvöl hans á heimilinu stóð. Dagbók fylgdi bangsa ávallt þar sem foreldrar og/eða nemendur skrifuðu hvað á daga bangsa dreif ásamt myndum af nemanda og bangsa. Eftir helgina las kennari úr dagbókinni og skapaði umræður um hvernig nemandinn sýndi bangsa virðingu. Í dagbókinni voru einnig skilaboð til foreldra um hvert hlutverk þeirra væri og skilgreining á hugtakinu virðing. Tekin var mynd af nemandanum með bangsa og hún hengd upp á töflu í fatalefa þar sem foreldrar gátu virt hana fyrir sér og nemendur sagt frá hvað bangsi hafði gert um helgina með viðkomandi barni.

Áður en farið var af stað með bangsaverkefnið var lögð áhersla á að ræða um hugtakið virðingu með nemendum til að þeir gerðu sér grein fyrir merkingu þess. Einnig var unnið með virðingu á víðtækan hátt í samskiptum nemenda við kennara, foreldra, eldri borgara og aðra gesti sem heimsóttu leikskólann. Auk þess var lögð áhersla á að tengja umræðuna virðingu í samskiptum nemenda, virðingu fyrir eigin eigum og annarra, leikföngum, bókum og öðru umhverfi nemenda inni sem úti.

Leiðir sem farnar voru til að ná markmiðum 3, 4, 5 og 6

Til að efla samskipti nemenda við samfélagið fengum við gesti víða að úr samfélaginu til að sækja okkur heim. Haldnir voru samstarfsfundir á haustin til að skipuleggja samstarf m.a. með eldri borgurum, starfsfólki Minjasafns Austurlands, Þjóðdansa-félaginu Fiðrildunum og fleirum. Einnig fórum við út í samfélagið til að efla þekkingu nemenda á heimabyggðinni og opna augu þeirra fyrir sérkennum svæðisins. Lagt var upp úr því að nemendur kynntust því liðna svo flétta mætti fortíð inn í nútíð og efla þar með söguvitund nemenda. Þar hafa eldri borgarar verið traustur samstarfsaðili. Í sögugöngum ganga eldri borgarar með nemendum um gamla hverfið á Egilsstöðum og segja þeim frá ýmsu frá því bærinn byggðist, s.s. heiti gömlu húsanna, hvar og hvernig léku börnin sér, hvaða götur komu fyrst, hvar voru fyrstu búðirnar, leikskólinn, grunnskólinn eða fyrsta heimilið. Gaman er að heyra þegar eldri borgarar segja nemendum frá því hvernig var umhorfs í bænum þegar þeir komu þangað fyrst. Margir segja þá sögu að þá hafi aðeins eitt hús, gamla Gistihúsið á Egilsstöðum, verið til staðar á svæðinu og fararskjótinn í flestum tilfellum hestur.

Mörg frábær samstarfsverkefni hafa verið unnin á þeim tíma sem þróunarstarfið hefur staðið yfir og mætti sérstaklega tilgreina blómlegt samstarf við eldri borgara. Má þar nefna árlegt boccamót í sal Tjarnarlands þar sem karlar og strákar keppa við konur og stelpur, og svokallaða Vetrargleði þar sem eldri borgarar koma í morgunkaffi í Tjarnarland. Í leiðinni er lögð áhersla á að nemendur læri að taka á móti gestum og sýna þeim fyllstu virðingu. Dagskránni lýkur með „gömlu-dansa“ balli upp í sal. Einnig má nefna blandaðan kór eldri borgara og nemenda sem hefur komið fram í nokkur skipti og sameiginlega leiksýningu eldri borgara og nemenda á Úlfinum og kiðlingunum sjö. Auk þess koma eldri borgarar af og til á mánaðarlega söngfundi og velja lag á sönglista leikskólans fyrir hvern mánuð. Í pennavinaverkefni sem er eitt af verkefnum þróunarstarfsins, skrifast eldri borgarar og nemendur á. Í bréfunum er oft fróðleikur um hvernig börn léku sér í gamla daga, hvað tíðkaðist að fá í jólagjafir, störf in í gamla daga, samgöngur og fleira. Nemendur teikna t.d. myndir af því sem kemur fram í bréfunum og senda til baka.

Á vorönn hefur verið lögð sérstök áhersla á samstarf við foreldra tvítyngdra nemenda í tengslum við svokallað Þjóðapema sem hefur fest sig í sessi í skólastarfinu. Þá aðstoða foreldrar tvítyngdra nemenda á ýmsan hátt við þemað. Oft hafa foreldrar t.d. haft kynningu á landi og þjóð í sal og aðstoðað við að elda þjóðlega rétti sem boðið er upp á.

Eins og áður sagði var farin sú leið að fá gesti inn í leikskólann til að styrkja samskipti nemenda við samfélagið. Auk vina okkar eldri borgara hafa ýmsir íbúar í samfélaginu komið þar við sögu. Mætti þar t.d. nefna gesti sem komið



Hreindýrin eru afrakstur hreindýradaga þar sem unnið var með sérkenni svæðisins



Þjóðapema – kynning á Noregi

hafa til okkar í árlegum bókamánuði og lesið upp úr uppáhalds barnabókinni sinni. Þar má telja foreldra, sundlaugarvörð, bæjarstjóra, tannlækni, leikskólafulltrúa, kennara, ömmur og afa. Einnig er einn dagur á ári tileinkaður ömmu og afa sem koma í heimsókn eina morgunstund og spila, leika eða lesa fyrir barnabarnið.

Mikil áhersla hefur verið lögð á vettvangsferðir með nemendum á haustin meðan færð er góð. Yfirleitt er fyrsta vettvangsferðin farin upp á svokallaða Þverkletta, en þaðan er mjög víðsýnt yfir bæinn og nágrennið í kring. Þaðan sést vel yfir í Fellabæ, til fjalla, yfir Egilsstaðaskóg, Fardagafoss blasir við, einnig Egilsstaðabýlið, Lagarfljótið, Egilsstaðakollurinn og í góðu skyggni sést til Snæfells. Athygli nemenda er m.a. beint að örnefnum og helstu sérkennum svæðisins og nemendur reyna að greina götur og heimili sín ofan af klettunum.

Í öðrum vettvangsferðum um bæinn er leitast við að opna augu nemenda fyrir því fjölbreytta samfélagi sem við búum í og sérkennum svæðisins, m.a. öllum trjágróðrinum í bænum, skógunum og gamla Egilsstaðabýlinu. Við veltum fyrir okkur hlutverki þeirra bygginga sem við göngum framhjá, er þetta heimili, kirkja, skóli, sjúkrahús, dvalarheimili aldraðra, verslun, skrifstofa eða annað. Lómatjarnargarðinn sem liggur samsíða Tjarnarlandi var skoðaður vel og nemendur völdu sér þar vinatré sem þeir fylgdust með breytingum á frá hausti til vors. Fylgst var með breytingum á gróðrinum í Egilsstaðabæ í árstíðaskiptunum og skoðuð laufblöð ólíkra trjátegunda. Í tengslum við það kom t.d. skógfræðingur frá Skógrækt ríkisins í heimsókn og sat fyrir svörum nemenda í sal.

Umhverfi deilda var breytt á þá leið að það tengdist því samfélagi sem nemandinn býr í og því þema sem er í gangi í leikskólanum hverju sinni. M.a. var stórt götukort af bænum hengt upp á veggi deilda og inn á það límdar myndir af helstu stofnunum bæjarins s.s. grunnskólanum, íþróttamiðstöðinni, kirkjunni, leikskólunum en einnig nokkrum gömlum húsum í bænum. Nemendur teiknuðu myndir af heimilum sínum og fjölskyldu sem hengdar voru til hliðar við götukortið og síðan voru tengdir þræðir frá húsunum inná götukortið þar sem nemendur eiga heima. Nemendur hafa einnig unnið verk tengdum þjóðsögum af svæðinu og m.a. nýtt til þess efni utan úr náttúrunni til sköpunar. Ýmis konar bæklingar með myndum af fólki, dýrum og náttúru Austurlands hafa legið frammi fyrir nemendum og þeir t.d. unnið klippimyndir úr þeim sem auðgað hafa umhverfið og skapað umræðu meðal nemenda og kennara.

Margar vettvangsferðir í stofnanir og fyrirtæki hafa verið farnar á meðan á þróunarstarfinu hefur staðið. Sumar heimsóknir hafa verið tengdar vinnustöðum foreldra eða ákveðnum verkefnum s.s. heimsóknir í prentsmiðju í bókamánuði. Nemendur tóku þátt í listasýningu í Menningarmiðstöð Fljótaldalshéraðs og fóru á myndlistarsýningu nemenda Menntaskólans á Egilsstöðum, auk heimsókna í leik- og grunnskóla o.fl.



T.v: Nemendur leika sér í nýrri útiskólastofu Egilsstaðaskóla gegnt Tjarnarlandi.

T.h: Pressuð laufblöð flokkuð eftir tegundum..



Ekki má gleyma vorferðum 5 ára nemenda til nággranna okkar í Fjarðabyggð þar sem nemendur kynnst samfélagi við sjóinn og fara m.a. á safn með ýmsum munum tengdum sjávarútvegi. Þá er farið á Náttúrugripasafn og jafnaldrar í leikskólanum á Kirkjumel heimsóttir. Ávallt er lögð áhersla á umræður um kurteisi og virðingu fyrir nágrönnum okkar í Fjarðabyggð fyrir svona ferðir, til að byggja upp jákvætt viðhorf til nággrannasveitafélagsins.

Samstarf við leikskólann Skógarland, Egilsstaðaskóla og Tónlistarskóla Fljótshéraðs eru mikilvægir þættir til að efla samskipti nemenda við þessar stofnanir samfélagsins. Á haustönn hefur verið lögð áhersla á að nemendur heimsæki gamla skólann sinn í Skógarlandi, þaðan sem langflestir nemendurnir koma og að vori kemur elsti árgangur í heimsóknir til að aðlagast nýja skólanum sínum. Þegar líður á vorönn taka síðan við heimsóknir í Egilsstaðaskóla. Í samstarfinu við Tónlistarskóla Fljótshéraðs hafa tveir þættir fest sig í sessi á þeim tíma sem þróunarstarfið hefur staðið yfir. Það eru jólatónleikar nemenda tónlistarskólans í sal Tjarnarlands í desember og hljóðfærakynning fyrir nemendur Tjarnarlands sem fram fer í tónlistarskólanum á vorönn. Þá fara nemendur í litlum hópum á milli svæða þar sem tónlistarkennararnir kynna fyrir þeim hljóðfæri og nemendur fá að prófa þau.

Lögð hefur verið áhersla á að efla stolt og virðingu nemenda fyrir heimabyggðinni á ýmsan máta, m.a. með því að fara í vettvangsferðir um bæinn og út í náttúruna þar sem nemendum er bent á ýmislegt forvitnilegt og áhugavert í umhverfinu. Má þar nefna Fardagafoss, Lagarfljótið, skóginn og sjálfan konung Fljótshéraðs, - hið virðulega Snæfell. Þjóðsögur (t.d. Lagarfljótsorminn) og ljóð (t.d. Í Hallormsstaðaskógi) sem tengd eru svæðinu auka einnig líkur á því að efla stolt og virðingu nemenda fyrir heimabyggðinni en ekki síður það hvernig starfsfólkið talar um heimabyggð sína. Einnig er rík áhersla lögð á það við nemendur að ganga af virðingu um umhverfi sitt úti sem inni, til að það sé snyrtilegt og aðlaðandi.



Þessi stúlknaþópur vann veggmynd í tengslum við verkefni um skóginn. Á myndinni má sjá auk trjáanna, fugla, dýr og plöntur sem búa í skóginum.

Bærinn minn

Lag: Allir krakkar

Egilsstaðir, Egilsstaðir, það er bærinn minn.

Þar er gott að búa

að honum vil ég hlúa.

Egilsstaðir, Egilsstaðir, það er bærinn minn.



Nemendur tína rífsber í leikskólanum Skógarlandi



Nemendur í heimsókn í bókasafni Egilsstaðaskóla

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Helstu frávik voru þau að framlengja þurfti þróunarverkefnið um eina önn. Þegar lagt var af stað með þróunarverkefnið var gert ráð fyrir 30% stöðu verkefnastjóra í fjárhagsáætlun skólans, sem gekk ekki eftir vegna samdráttar/hagræðingar sem átt hefur sér stað í Tjarnarlandi sem og í öðrum skólum á landinu. Ástæður framlengingarinnar má því rekja til mikilla anna verkefnastjóra sem sinnti verkefnastjórarstarfinu mestan hluta tímans meðfram starfi sínu sem aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjóri tveggja deilda.

Þá voru það einnig frávik í þróunarstarfinu að gert var ráð fyrir að Tjarnarland yrði aldurshreinn 5 ára leikskóli frá og með haustinu 2009. Vorið 2010 kom upp sú staða að óvenju fámennur árgangur 5 ára nemenda kom í Tjarnarland haustið 2010, en nemendur koma flestir frá leikskólanum Skógarlandi. Því var brugðið á það ráð að taka á móti 16 fjögurra ára nemendum frá Skógarlandi í viðbót við 5 ára nemendurna. Það leiddi til þess að hluti starfsfólksins var ekki að starfa nema að litlu leyti í tengslum við þróunarstarfið en árið áður þegar leikskólinn var aldurshreinn 5 ára skóli, eins og ráðgert var, gat starfsmannahópurinn allur sameinað krafta sína í þróunarverkefninu og var mikill styrkur í því. Í haust var deildarstjóri /verkefnastjóri 5 ára deildar m.a. orðinn einn á ný við skipulagningu þróunarstarfsins en mikill stuðningur var að hafa annan deildarstjóra til samstarfs t.d. við að setja niður starfsáætlanir og skipuleggja viðburði.

Hreindýraskuggaleikhús í tengslum við hreindýradaga í nóv. 2010



Nemendur glíma á feðradegi í Safnahúsi í nóv. 2009



Í vettvangsferð um bæinn þar sem unnið er með „hvaða hlutverki gegna þær byggingar sem við göngum fram hjá“? Hér er það kirkjan sem rætt er um.



Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Helstu hindranirnar fólust í því að á svipuðum tíma og þróunarverkefninu var ýtt úr vör var starfsmannafundum fækkað til muna vegna hagræðingar í rekstri. Þótt fyrsti starfsmannafundur í upphafi hvorrar annar hafi að mestu verið tileinkaður þróunarverkefninu, varð fækkun fundanna til þess að tenging starfsfólksins við verkefnið varð ekki sem skyldi. Því upplifði starfsfólkið að það ætti ekki eins mikla hlutdeild í verkefninu og reiknað var með. Það tók m.a. sumt starfsfólk dálítinn tíma að átta sig á hve víðfeðmt verkefnið var og héldu einhverjir til að byrja með að það snerist eingöngu um samstarf við eldri borgara, sem er reyndar nokkuð stór þáttur í verkefninu. Þróunarverkefnið var helst til umræðu á fundum verkefnastjóra og deildarstjóra sem hittust á samráðsfundum um hver mánaðarmót til að skipuleggja viðburði næsta mánaðar.

Einnig var það töluverð hindrun, eins og fram kemur hér á undan, að fjárhagsáætlun skólans rúmaði ekki 30% stöðu verkefnastjóra vegna niðurskurðar á launalið. Það leiddi til þess að verkefnastjóri vann hluta af þróunarverkefninu utan dagvinnu í sjálfböðavinnu. Erfiðleikarnir fólust einnig í því að finna tíma til að undirbúa, skipuleggja og fylgja eftir ýmsum þáttum verkefnisins.

Með tilkomu styrks úr Sprotasjóði gjörbreyttist staða verkefnisins. Var þá sótt um framlengingu þróunarverkefnisins um eina önn til að geta sinnt því vel á lokasprettinum og lokið því sómasamlega.



Frá æfingum og uppsetningu á Úlfinum og kiðlingunum sjö sem var samstarfsverkefni Tjarnarlands og Félags eldri borgara á Fljótsdalshéraði. Leikritið var sýnt á 30 ára afmæli Tjarnarlands árið 2009.



Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Ávinningur í samstarfi við eldri borgara og ýmsa aðra samstarfsaðila í samfélaginu

Þar skal fyrst af öllu geta hins félagslega ávinnings, t.d. ávinnings í samskiptum nemenda og eldri borgara. Nemendur hafa eignast eldri borgara að kunningjum og heilsa þeim út á götu og í búðum. Starfsfólk hefur upplifað margt jákvætt í samskiptum þessara kynslóða og raddir foreldra hafa einnig verið á jákvæðu nótunum. Í foreldraviðtali kom m.a. fram hjá móður, að eftir eina sögugöngu með eldri borgurum óskaði sonur hennar eftir því að fara með foreldrana í gönguferð um gamla hverfið til að segja þeim frá heiti gömlu húsanna og ýmsu því sem eldri borgarar höfðu sagt honum frá í sögugöngunni. Merki/lógó Tjarnarlands sýnir einnig upplifun 5 ára drengs eftir heimsókn eldri borgara á Vetrargleði og dansleik í salnum. Myndin sýnir eldri borgara og barn haldast hönd í hönd í dansi og fyrir tilviljun mynda handleggirnir hjarta og gleðin leynir sér ekki í brosi öldungsins og barnsins. Myndin prýðir forsíðu þessarar lokaskýrslu.

Það er skoðun starfsmannahópsins að þetta þróunarverkefni sé ávinningur fyrir samfélagið í heild, þar sem það sameinar kynslóðirnar í fjölbreyttum verkefnum á mjög sýnilegan hátt úti í samfélaginu. Má þar nefna blandaðan kór eldri borgara og nemenda sem komið hefur fram nokkrum sinnum, vettvangsferðir í stofnanir og fyrirtæki, bocciamót og leiksýningu. Hefur þetta samstarf vakið töluverða athygli hér í samfélaginu. Það er líka ávinningur fyrir unga leikskólanemendur að upplifa eldri borgara sem virka einstaklinga í samfélaginu, einstaklinga sem gefa þeim tíma við hin ýmsu verkefni í leik og starfi.

Ávinningur af ýmsum vettvangsferðum um bæinn og út í náttúruna með tengingu í grenndarfræði

Með vettvangsferðum um bæinn og út í náttúruna kynnast nemendur betur því samfélagi og umhverfi sem þeir búa í og um leið eykst öryggi þeirra í því umhverfi sem þeir alast upp í. Með því að kynnast og upplifa samfélagið sitt á jákvæðan hátt eins og gert hefur verið, eykst stolt þeirra og virðing fyrir heimabyggðinni.

Í hugmyndum grenndarfræði er tekið mið af mannlífi því sem einkennir viðkomandi landsvæði og náttúrufræðilegu umhverfi þess. Þar er fengist við staðarmenningu sem tengir nemandann heimabyggð og umhverfi og gerir hann hæfari til þátttöku í grenndarsamfélaginu. Því má ætla að nemendur okkar verði áhugasamari og öruggari samfélagsþegnar og taki virkan þátt í ýmsum viðburðum í samfélaginu í framtíðinni.

Engin könnun hefur farið fram á því hvernig þróunarstarfið hefur skilað sér til nemenda sem hafa útskrifast frá Tjarnarlandi, en ef dæma má af frásögnum foreldra nokkurra þeirra nemenda, má ætla að þróunarstarfið hafið skilað sér að einhverju leyti, s.s. í meiri áhuga þeirra á umhverfi og náttúru og sögu bæjarins.



Vettvangsferð á Egilsstaðakoll í des. 2009

Ávinningur af þeim starfsháttum sem þróast hafa í Tjarnarlandi

Við teljum að starfshættir þeir sem starfsfólk Tjarnarlands hefur einsett sér að nota í starfi og tengist að mestu leyti hugmyndafræði Reggio Emilia, hafi styrkt sjálfsmynd nemenda á þeim tíma sem þróunarstarfið hefur staðið yfir. Má þar nefna nemendur sem hafa átt við tilfinningalega erfiðleika að etja, auk nemenda með erfiða hegðun, sem hafa með skýrum markmiðum og samræmdum starfsháttum náð að blómstra hér í skólastarfinu.



Nemandi nýkominn með bangsa úr helgarheimsókn

Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi virðingar í samskiptum manna. Í viðtölum við foreldra margra nemenda hefur komið fram hve vinna leikskólans með *virðingu* hefur skilað góðum árangri heim til nemenda. T.d. sagði fimm ára drengur „pabbi, þú verður að sýna mömmu virðingu“. Fimm ára stúlka sagði „þegar ég var tveggja ára sýndi ég bókum ekki virðingu, ég krotaði í þær“. Einnig hafa nemendur oft komið til starfsfólks og sagt þeim að annar nemandi væri að sýna honum óvirðingu. Starfsfólk hefur líka t.d. heyrt samræður nemenda eins og „nú sýndi ég þér virðingu“ eða þeir koma til okkar og segja: „Hún var að sýna mér óvirðingu“.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Mat þeirra aðila sem komu að þróunarverkefninu gaf góðar upplýsingar um hvernig til tókst m.a. hvort það hafi haft áhrif á skólastarfið í heild. Verkefnið var metið í lok hvernar annar, nema á haustönn 2009 vannst ekki tími til að sinna matinu. Í staðinn fór fram viðameira mat á vorönn 2010 og var allt skólaárið þá metið.

Foreldrar svöruðu ætíð spurningarlista um þróunarstarfið en starfsfólk mat verkefnið bæði skriflega og einnig munnlega á starfsmannafundum. Í umsókn til Sprotasjóðs var stefnt að því að bæði nemendur og eldri borgarar mætu starfið einnig en ekki reyndist unnt að leggja út í þá vinnu miðað við þær aðstæður sem sköpuðust vegna samdráttar. Þó náði verkefnastjóri að hanna mat fyrir eldri borgara og nemendur á haustönn 2010, þökk sé Sprotasjóði. Niðurstöður mats voru kynntar á starfsmannafundum og línur lagðar fyrir komandi önn í kjölfar þess.

Í mati starfsmanna í nóv. 2010 kemur fram að verkefnið hafi sannarlega haft áhrif á skólastarfið í heild. Fram kom að það að fara í formlegt þróunarverkefni með verkefnisstjóra, hafi leitt til þess að unnið var markvisst að framgangi verkefnisins, þrátt fyrir þá erfiðleika sem upp komu.



Eitt af föstum samstarfsverkefnum Tjarnarlands er við lögregluna á hjóladag nemenda á vorin. Þá mætir lögreglan og fræðir nemendur um helstu hjólareglur og skoðar öll hjól nemenda.

Niðurstöður verkefnisins

Niðurstöður þeirra hópa sem tóku þátt í mati á þróunarstarfinu teljum við segja best til um niðurstöður verkefnisins. Mikil ánægja og sátt virðist einkenna viðhorf þessara matshópa á því tímabili sem þróunarstarfið fór fram.

Í lok þróunarverkefnisins á haustönn 2010, hannaði verkefnastjóri mat fyrir tvo nýja hópa (auk starfsfólks og foreldra) þ.e. fyrir eldri borgara og nemendur. Mat eldri borgara var skriflegt mat en matstæki nemenda var

einstaklingsmat sem byggt var upp á ljósmyndum af helstu viðfangsefnum haustannar tengt þróunarstarfinu. Eftir upprifjun og umræðu um myndirnar (hverja mynd) voru nemendur spurðir um hvernig þeim líkaði við viðburðinn og gátu þeir valið um að benda á þrjá broskarla með stigvaxandi brosi eftir því hvernig þeim líkaði.



Í sögugöngu í gamla hverfinu.

Niðurstöður mats starfsmanna: Á starfsmannafundi í nóv. 2010 voru niðurstöður þróunarverkefnisins ræddar. Var hópurinn ánægður með hve skólastarfið hefði þróast og breyst á þann hátt að hann gæti verið stoltur af. Ákveðið var að halda áfram með sömu áherslur í skólastarfinu og að deildarstjórar sjái hér eftir um stjórnun þess og skipulagningu þar sem verkefnastjóri lýkur formlega starfi sínu nú um áramót.

Niðurstöður mats eldri borgara: Skv. niðurstöðum mats eldri borgara í des. 2010 hefur mestur hluti eldri borgara mikla ánægju af samstarfinu við Tjarnarland. Athyglisvert er að þrátt fyrir mikla ánægju eldri borgara með samstarfið eru þeir á þeirri skoðun að þeir telja börnin ekki hafa eins mikla ánægju af samstarfinu við þá.

Niðurstöður mats nemenda: Niðurstöður sýna m.a. að það er mikil ánægja nemenda með samstarfið við eldri borgara og nefnir t.d. einn nemandi það að honum fannst mjög skemmtilegt að taka á móti eldri borgurum á vetrargleðina og sýna honum virðingu með því að lesa fyrir hann.

Yfirlit yfir það sem fram kom við framkvæmd verkefnisins (hindranir, jákvæð atriði og annað):

- ≠ Þróunarverkefnið hófst í september 2008 á sama tíma og kreppan skall á og hafði það töluverð áhrif á framgang verkefnisins
- ≠ Starfsmannafundum fækkaði í kjölfar niðurskurðar sem leiddi til þess að það skorti tíma til umræðna í starfsmannahópnum og afleiðingarnar urðu m.a. þær að á tímabili upplifði starfsfólkið að það ætti ekki eins mikla hlutdeild í verkefninu og ætlunin var
- ≠ Fyrstu annirnar kom í ljós að of mörg verkefni voru á dagskrá svo verkefnastjóri lagði áherslu á að koma jafnvægi á þann þátt næstu annirnar. Skv. niðurstöðum mats starfsmanna í nóv. 2010 kemur í ljós að starfsmönnum finnst komið gott jafnvægi á þennan þátt

≠ Samstarf við ýmsa aðila: Skv. starfsáætlun okkar og umsókn til Sprotasjóðs má sjá að eitt helsta verkefni þróunarstarfsins er áhersla á samstarf við ýmsa aðila í samfélaginu og eru þar tilgreindir 8 samstarfsaðilar. Tekist hefur að skapa gott samstarf við flesta þessara aðila og festa ákveðna þætti í sessi. Má þar sérstaklega nefna samstarfið við Félag eldri borgara á Fljótsdalshéraði, Safnahúsið og Þjóðdansasfélagið Fiðrildin.

Samstarfið við leikskólann Skógarland og Egilsstaðaskóla er enn í mótun og stefnt að því að ljúka því á vorönn 2011. Nú búum við mun betur en í upphafi þróunarverkefnisins varðandi samstarf við Egilsstaðaskóla, þar sem yngstu nemendum Egilsstaðaskóla er kennt á Egilsstöðum en ekki úti á Eiðum í um 15 km. fjarlægð eins og verið hefur nokkur undanfarin ár. Í nóv. 2010 var sett á samstarfsnefnd Tjarnarlands og Egilsstaðaskóla sem hefur það að markmiði að forma samstarf þessara skóla til framtíðar. Búið er að gera erindisbréf vegna verkstjórnarþáttar samstarfsins og samstarfsáætlun þessa skólaárs. Í jan. n.k. hittist nefndin á ný og mun þá fara í dýpri umræðu um hugmyndafræði og viðhorf kennara. Starfshópurinn skilar frá sér hugmyndum um faglegt samstarf kennara í maí 2011. Samskonar samstarfsferli er ráðgert við leikskólann Skógarland á vorönn.

Segja má að samstarf við Brunavarnir á Héraði hafi setið á hakanum í samstarfsáætlun okkar en gerð var bragarbót á því í nóv. s.l. þegar starfsmaður þeirra kom í heimsókn til nemenda og kom hluta nemenda af stað í eldvarnarverkefni. Ákveðið hefur verið að tileinka brunavörnum mestan hluta fyrsta skipulagsdags leikskólans þann 3. janúar n.k. og festa í sessi í framhaldi af því verkefnið *Eldvarnir í leikskóla* sem Brunabótafélag Íslands gaf út.

Hvað er til marks um það að markmiðin náðust?


Niðurstöður þeirra matshópa sem mátu þróunarstarfið eru til marks um að markmiðin náðust.

Niðurstöður sýna m.a:

- ≠ Betri sjálfsmynd nemenda hefur náðst með samræmdum starfsháttum, m.a. áherslu á virðingu fyrir barninu, jákvæðu viðmóti, hrósi og góðu samstarfi við foreldra.
- ≠ Bætt og ábyrgðarfullri samskipti nemenda vegna markvissrar vinnu með gagnkvæma virðingu og samskipti.
- ≠ Með vettvangsferðum um bæinn, í fyrirtæki og stofnanir hafa samskipti nemenda við samfélagið eflst.
- ≠ Aukin þekking og áhugi nemenda á umhverfinu og sérkennum svæðisins heyrst á umræðum þeirra heima og í leikskólanum og nefna foreldrar það í matinu að barnið sé að fræða þau um hluti sem þau vissu ekki um s.s. örnefni og heiti húsanna í gamla bænum. Með því að vinna með sérkenni svæðisins í gegnum fjölbreytt og skemmtileg verkefni eins og t.d. gert var á hreindýradögum og í vinnu með Lagarfljótsorminn höfum við eflt stolt og virðingu nemenda fyrir heimabyggðinni. Þeir vita að enginn annar landshluti státar af þessum hlutum.

Niðurstöður verkefnisins sýna okkur að byggja skuli skólastarfið í Tjarnarlandi áfram á þeim grunni sem þróunarverkefnið byggir á. Við lok verkefnisins munu leikskólastjórar og deildarstjórar bera megin ábyrgð á að vinna úr lokaniðurstöðum, fylgja þeim eftir og móta skólastarfið áfram á þeim grunni sem þróunarstarfið hefur byggst á. Eins og áður verður lögð rík áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð starfsmanna til að tryggja virkni og metnað allra sem að starfinu koma.

Götukort af Egilsstaðabæ þar sem nemendur tengja m.a. myndir af heimilum sínum við réttar götur. Inn á kortið eru einnig settar helstu stofnanir bæjarins s.s íþróttamannvirki, skólar, kirkjan o. fl. Sjálfsmyndir og/eða fjölskyldumyndir hafa einnig verið tengdar inn á kortið og myndir af gömlu húsunum í gamla bænum.



Hér t.v. má sjá skessuna úr þjóðsögunni um skessuna undir Fardagafossi. T.h. er veggmynd sem byggir á þessari þjóðsögu.



Teflt við eldri borgara



Hreindýr úr plús-plús kubbum



Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöður

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og niðurstöður má sjá hér að neðan. Athygli skal þó vakin á þeim margvíslegu óformlegu kynningum á þróunarstarfinu sem fram fóru á meðan á þróunarverkefninu stóð vegna þess hve verkefni voru sýnileg í samfélaginu og má þar nefna blandaðan kór nemenda Tjarnarlands og eldri borgara sem hafa komið fram í nokkur skipti og vettvangsferðir nemenda í stofnanir og fyrirtæki.

Fyrsta kynning verkefnisins fór fram í málstofu í Háskólanum á Akureyri í tengslum við diplómanám verkefnastjóra í lok haustannar 2008. Þar var greint ítarlega frá þróunaráætluninni en ekkert mat eða niðurstöður lágu fyrir á þeim tímapunkti. Á árlegum kynningarfundi hvert haust síðan þróunarverkefnið hófst, hefur verkefnastjóri kynnt þróunarverkefnið fyrir nýjum foreldrum í Tjarnarlandi. Einnig hefur farið fram kynning á þróunarverkefninu fyrir stóran hóp leikskólafulltrúa úr öllum landshlutum sem sóttu fund á Egilsstöðum á vorönn 2010.

Nú í desember gerði verkefnastjóri gangskör að því að kynna verkefnið á Austurlandi. Frétt um þróunarverkefnið fór m.a. í Austurgluggann (svæðisfréttablað Austurlands) sem dreift var inn á hvert heimili frá Vopnafirði allt suður á Höfn. Í tengslum við fréttina setti verkefnastjóri upp sýningu í verslunarmiðstöðinni Níunni á Egilsstöðum. Sýningin var afrakstur nemenda eftir svokallaða hreindýradaga sem haldnir voru í leikskólanum í nóvember. Sýningin féll vel að annarri uppákomu sem var á dagskrá í verslunarmiðstöðinni þar sem hreindýrin voru aðalþemað og margar frábærar uppákomur tengdar því og fékk sýningin því verðskuldaða athygli. Kynning á þróunarverkefninu var hengd upp á vegginn við verk nemenda. Allir nemendur áttu verk á sýningunni og var sýningin vel auglýst bæði í auglýsingabækling sem fór inn á hvert heimili á Fljótshéraði og innan leikskólans. Auk þess er stefnt á að kynna afrakstur og niðurstöður verkefnisins fyrir:

- Starfsfólki leik- og grunnskóla á Fljótshéraði
- Félagi eldri borgara á Fljótshéraði og öðrum samstarfsaðilum
- Fræðslunefnd Fljótshéraðs
- 7. deild F.L.
- Þeim er þess óska s.s. þeim er standa fyrir ráðstefnum um þróunarstarf með svipuðu efni

Tónlist og dans í Tjarnarlandi



Lokaorð

Þróunarverkefninu „Á vegamótum“ lýkur formlega með skilum á þessari skýrslu. Þrátt fyrir mikið álag í starfi þann tíma sem verkefnið hefur varað hefur það gefið mér sem verkefnastjóra mikilvæga reynslu. Ég trúi því að okkur hafi tekist að tengja nemendur okkar sterkari böndum við heimabyggð sína og opnað augu þeirra fyrir umhverfi sínu og sérkennum svæðisins. Það er mikils virði þar sem líkur eru á að þeir nemendur verði hæfari til þátttöku í samfélaginu síðar meir. Næsta nágrenni nemandans er eðlilegasti vettvangurinn til að kynnast menningararfinum og staðarmenningunni og við getum gætt hana nýju lífi með því að hvetja unga fólkið til virkar þátttöku í samfélaginu.

Í gegnum þróunarstarfið hefur verkefnastjóri fengið gott tækifæri til að kynnast samfélaginu mun betur en ella. Athyglisvert er hve vel hefur verið tekið á móti nemendahópum í hinum ýmsu fyrirtækjum og stofnunum bæjarins. Stundum fylgdu jákvæð atriði í kjölfar vettvangsferða, eins og eftir heimsókn í Nýsköpunarmiðstöð. Stuttu síðar fengum við boð frá Nýsköpunarmiðstöð að taka þátt í svokallaðri athafnavíku sem var á döfinni hjá þeim. Þar sem nemendur okkar höfðu á þeirri stundu sýnt mikla athygli hreindýrabæklingi sem Náttúrustofa Austurlands hafði nýverið sent út til skóla á Austurlandi, var ákveðið að vinna með hreindýr í leikskólanum í þessari athafnavíku. Það leiddi til enn meiri áhuga nemenda á hreindýrum, mikilli sköpun þeirra í kjölfarið, fréttar í fréttablaðið Austurgluggann og sýningu nemenda í verslunarmiðstöðinni Níunni.

Verkefnastjóri hefur ekki síst fengið góða innsýn í líf og starf eldri borgara og öðlast dýrmæta reynslu í samskiptum við þá einstaklinga sem gefið hafa mest af sér í samstarfinu við Tjarnarland. Í samstarfinu við eldri borgara er það skoðun mín sem verkefnastjóra, að það sé lykilatriði að skapa persónuleg samskipti milli þessara aðila til að skapa traust. Virðing og traust eru undirstöðuþættir í samstarfinu og á þeim grunni hefur það farsæla samstarf sem skapast hefur í Tjarnarlandi, byggst á. Það er um leið sterkasta leiðin til að brúa kynslóðabilið.

30. desember 2010.

Anna Bryndís Skúladóttir, verkefnastjóri

Aðalbjörg Pálsdóttir, skólastjóri ábyrgðarskóla

UNNIÐ MEÐ SÉRKENNI SVÆÐISINS
HREINDÝRIN-LAGARFLJÓTSORMINN-SKÓGINN



Af hreindýrasýningu sem haldin var í anddyri Níunnar í des. 2010.

Veggmynd unnin upp úr þjóðsögunni um Lagarfljótsorminn.



Sjálfsmyndir nemenda úr afurðum skógarins.



SAMSTARF VIÐ FÉLAG ELDRI BORGARA Á FLJÓTSDALSHÉRAÐI



Á hinu árlega bocciamóti nemenda Tjarnarlands og eldri borgara sem fram fer í sal Tjarnarlands.

Á vetrargleði fagna nemendur og eldri borgarar saman vetrarkomu hvert ár (sjá myndir að neðan og t.h.).



Í sögugöngum fylgja eldri borgarar nemendum um umhverfið og segja t.d. frá því þegar bærin var að myndast. Þá er gengið í gegnum gamla bæinn og nöfn gömlu húsanna rifjuð upp.

NÁTTÚRA OG UMHVERFI



Eitt af þeim verkefnum sem fest hafa í sessi er að nemendur velja sér vinatré að hausti og fylgjast með breytingum á því fram til vors. Í mati nemenda í des. kemur fram að þeim þyki mjög skemmtilegt að eiga vinatré og að skemmtilegast sé að knúsa vinatréð sitt.



Það er víðsýnt af þverklettum, þaðan sést vel yfir bæinn, Egilsstaðaskóg og fjallahringinn á Héraði.



Athygli nemenda er beint að furðum og fegurð náttúrunnar, hér er fylgst með sólarlagi.



SAMSTARF VIÐ ÝMSA AÐILA Í SAMFÉLAGINU



Samstarf við Þjóðdansafélagið Fiðrildin.



Samstarf við Safnastofnun Austurlands. Á myndinni t.v. er unnið með sögu bæjarins. Myndin t.h. er tekin þegar nemendur buðu feðrum sínum á minjasafnið á feðradaginn í nóv. 2009.



Samstarf við Félag eldri borgara á Fljótsdalshéraði. T.v. er bókastund í leikskólanum en t.h. er eldri borgari að segja söguna *Leggur og skel* á bókasafni Héraðsbúa í tilefni Dags íslenskrar tungu.

